

Nautgripasæðingar 2023

Sveinbjörn Eyjólfsson
NBI ehf, Hesti

Hér kemur skýrsla þar sem fjallað er um sæðingastarfsemina á árinu 2023 og nokkrar lykiltölur bornar saman við fyrri ár. Þá er reynt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga í hverjum landshluta.


Við nýtum allar bestu fáanlegar upplýsingar og tölur sem næst þeim tíma sem skýrslan tekur til. Sé ekki annað tekið fram eru þær allar fengnar á einn eða annan hátt úr huppa.is Enn er vakin athygli á því að fjöldi kvígna er ¼ af því sem fram kemur í Huppu.

Við skulum skoða þróun í fjölda sæðinga á síðustu árum. Kúm fækkar enn og nú um rúmlega 170 á árinu 2023 miðað við árið á undan. Óvarlegt er að fjölyrða um fjölgun eða fækkun kvígna allt eftir við hvað er miðað. En við vinnum með að kvígum hafi fækkað um 100 á milli ára. Heildarfjöldi gripa er því svipaður því sem ætti að tákna fjölda fyrstu sæðinga. Það er hins vegar ekki raunin, því miður. Þó þeim fjölgi um nærri 800 á milli ára vantar enn of marga gripi inn í ræktunarstarfið. Heimanautin fá þá rúmlega sitt sem fyrir ræktunina er afleitt. Heildarfjöldi sæðinga er meiri en í fyrra sem er gott og vitnar um meiri áhuga. Og þegar erfðamatið verður farið aðleika enn stærra hlutverk í ræktuninni og takist okkur að kyngreina sæði þá koma kvígurnar inn. Þá fyrst fara kynbæturnar virkilega að telja.

Ár	1. sæðing	Hlutfallsleg breyting frá 2012	allar sæðingar	Hlutfallsleg breyting frá 2012
2012	25.458		43.590	
2013	25.950	2%	45.431	4%
2014	27.660	8%	50.248	15%
2015	28.993	13%	52.862	21%
2016	28.062	10%	49.848	14%
2017	29.376	15%	49.055	12%
2018	27.028	6%	46.660	7%
2019	27.017	6%	48.176	10%
2020	25.559	0%	46.027	5%
2021	26109	2%	45156	3%
2022	25276	-1%	42848	-2%
2023	26058	2%	43489	0%

Á árinu 2023 voru sæddar 26.058 (25.276) kýr/kvígur 1. sæðingu eða 78,7 af hundraði (75,9 af heildarfjölda kúa og kvígna samkvæmt huppa.is um síðustu áramót. Árið 2020 og fyrr var miðað við tölur úr búfjártalningu árið á undan og þess vegna eru tölur árána 2022 og 2021 ekki alveg samanburðarhæfar við tölur fyrri ára. Það breytir ekki því að við eigum mikið inni og getum bætt þátttöku í sæðingum, grundvallaratriði kynbóta, mikið enn.

Mynd 1 sýnir metinn árangur sæðinga árána 2011 til 2023, sem þýðir að kýrin/kvígan kom ekki til endursæðingar innan 56 daga frá sæðingu. Þessi samanburður sýnir að metið fanghlutfall hefur enn hækkað og er nú metið 70%. Það er auðvitað ánægjulegt og svona há tala hefur ekki sést lengi. En við eigum öll að stefna að því að gera enn betur og til þess höfum við möguleika.



Tafla 2 sýnir árangur sæðinga eftir svæðum sl. þrjú ár. Fjöldi sæðinga sem kemur til mats hækkar enn, sem er gott. Metinn árangur batnar líka, sem er enn betra. Sunnlendingar hækka enn og sama gildir um S-Þing og Skagafjörð. Austurland kemur ekki vel út og nú setjum við það á dagskrá að fara vel yfir það.

Tafla 2. Samanburður milli árána 2021, 2022 og 2023

Búnaðar- samband	2021		2022		2023	
	1.sæðing	Árangur	1.sæðing	Árangur	1. sæðing	Árangur
Kjalnesinga	312	69%	307	71%	302	69%
Borgarfjarðar	1637	65%	1727	66%	1686	68%
Snæfellinga	683	70%	773	70%	754	70%
Dalamanna	223	67%	258	73%	290	73%
Vestfjarða	451	74%	430	75%	357	71%
Strandamanna	69	77%	44	80%	64	79%
V-Hún.	466	66%	493	70%	543	70%
A-Hún.	783	78%	828	75%	783	74%
Skagafjarðar	2283	67%	2578	66%	2786	69%
Eyjafjarðar	4466	71%	4613	72%	4597	73%
S-Þing.	1220	64%	1346	67%	1297	68%
Austurlands	846	61%	846	60%	986	58%
A-Skaft.	383	67%	433	71%	468	69%
V-skaft	542	68%	598	74%	635	71%
Rangárvalls	3237	68%	3569	69%	3655	70%
Árnessýsla	5031	64%	5212	68%	5569	69%
Landið	22632	67%	24055	69%	24795	70%


Alltaf er fróðlegt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga. Næstu þrjú yfirlit sýna hlutfallslega notkun og miðað er við fjölda kúa og kvígna úr huppa.is . Þessar tölur sýna að færri gripir hlutfallslega eru sæddir á árinu 2022 en fyrr. Það er þveröfugt við góða ræktunarmenningu. Þess vegna er ánægjulegt að hlutfallið eykst aftur á árinu 2023.

2021					
Búnaðar-	Fjöldi	Fjöldi		2021	Hlutfall
samband	Kúa	Kvígna	Samtals	1.sæðing	sætt
Kjalnesinga	340	94	434	321	73,96%
Borg/Snæ	2.844	798	3642	2.763	75,86%
Dalamanna	364	111	475	311	65,47%
Vestfjarða	575	204,5	779,5	518	66,45%
Strandamanna	87	22	109	70	64,22%
V-Hún.	538	173,5	711,5	520	73,09%
A-Hún.	972	285,5	1257,5	858	68,23%
Skagafjarðar	2.881	752	3633	2.762	76,03%
Eyjafjarðar	5.042	1.213	6254,5	4.839	77,37%
S-Þing.	1.473	391	1864	1.369	73,44%
Austurlands	946	262,5	1208,5	948	78,44%
A-Skaft.	405	144,5	549,5	450	81,89%
Suðurlands	9.733	2.948	12681	10.400	82,01%
Landið	26.200	7.399	33.599	26.129	77,77%


2022					
Búnaðar-	Fjöldi	Fjöldi		2022	Hlutfall
samband	Kúa	Kvígna	Samtals	1.sæðing	sætt
Kjalnesinga	322	87	409	316	77,26%
Borg/Snæ	2.784	780	3564	2.703	75,84%
Dalamanna	385	122	507	278	54,83%
Vestfjarða	473	174	647	438	67,70%
Strandamanna	89	25	114	44	38,60%
V-Hún.	607	156	763	531	69,59%
A-Hún.	941	295	1236	879	71,12%
Skagafjarðar	2.822	750	3572	2.697	75,50%
Eyjafjarðar	4.857	1.227	6084	4.718	77,55%
S-Þing.	1.470	384	1854	1.383	74,60%
Austurlands	984	254	1238	930	75,12%
A-Skaft.	398	143	541	472	87,25%
Suðurlands	9.759	2.991	12750	9.889	77,56%
Landið	25.891	7.388	33.279	25.278	75,96%

2023					
Búnaðar- samband	Fjöldi Kúa	Fjöldi Kvígna	Samtals	2023 1.sæðing	Hlutfall sætt
Kjalnesinga	309	87	396	311	78,54%
Borg/Snæ	2.598	780	3.378	2.598	76,91%
Dalamanna	398	122	520	343	65,96%
Vestfjarða	409	174	583	376	64,49%
Strandamanna	96	25	121	64	52,89%
V-Hún.	618	156	774	560	72,35%
A-Hún.	930	295	1225	839	68,49%
Skagafjarðar	2.999	750	3749	2.898	77,30%
Eyjafjarðar	4.835	1.227	6062	4.691	77,38%
S-Þing.	1.435	384	1819	1.353	74,38%
Austurlands	980	254	1234	1.054	85,41%
A-Skaft.	413	143	556	521	93,71%
Suðurlands	9.705	2.991	12696	10.445	82,27%
Landið	25.725	7.283	33.113	26.053	78,68%


Á mynd 2 má sjá fjölda 1. sæðinga eftir mánuðum síðastliðin þrjú ár. Flestar sæðingar eru nú í mars og janúar og apríl eru ekki langt undan. Fjöldi sæðinga er einnig yfir tvö þúsund í desember og febrúar. Fæstar eru sæðingar í ágúst, sem er nýtt. September hefur lengi verið með fæstar sæðingar. En sveiflur virðast vera að minnka.




Mynd 3 sýnir hlutfallslegan fjölda sæðinga eftir mánuðum. Ekki koma fram miklar breytingar milli ára. Myndin sýnir enn betur en fjöldataölur hversu stórt hlutfall sæðinga fer fram á fyrstu mánuðum ársins.




Á mynd 4 má sjá metið fanghlutfall í hverjum mánuði. Eins og sjá má er það að meðaltali heldur hærra en árið 2022 sem er ánægjulegt. Enginn mánuður nær þó að skáka nóvember 2022 en þá fór það í 73%. En nú er fanghlutfallið yfir 70% í 6 mánuðum og einu sinni slétt 70%. Því ber að fagna og reyna að gera enn betur.




Í fyrri skýrslum hef ég birt upplýsingar um metið fanghlutfall hjá einstökum nautum og held því áfram hér. Vegna erfðamats teljast öll naut „reynd“ og er því enginn greinarmunur gerður á þeim.. Á mynd 5 er ekkert naut með mikið frávík hvað varðar lágt fanghlutfall en Herkir 16069 frá Espihóli nær 78% árangri, en sæðingarnar eru ekki margar.



Á mynd 6 eru í raun öll naut nema tvö með þokkalegan árangur. Vonbrigði er að sjá Mjólnir 21025 með einungis 57% fanghlutfall og Bósa 20051 með 61% fanghlutfall. Bósi er ekki lengur í dreifingu en útslag Mjólnis verður ekki skýrt með gæðaskoðun. Þar hefur hann komið vel út. En stundum eru það aðrir þættir sem ráða.



Á árinu 2023 fengum við heimsókn frá Spermvital í Noregi. Á mynd 7 sjáum við metið fanghlutfall eftir notkun á því sæði. Ekki er annað að sjá en að það sæði hafa bara reynst eins og búast mátti við.



Við á stöðinni viljum gjarnan sjá metinn árangur af sæðingum vaxa og batna og vilji okkar stendur til þess. Eins og segir áður er gleðilegt að sjá metinn árangur milli ára hækka um einn af hundraði en með samstilltu átaki getum við betur. Við sjáum að árangur er misjafn milli nauta, misjafn milli bóva, misjafn milli héraða og misjafn milli frjótækna. Þannig hefur það alltaf verið og verður trúlega áfram. En umfram allt verðum við að hafa trú á sæðingum og halda áfram að taka þátt í þeim til áframhaldandi kynbóta á íslenska kúastofninum.

Rétt er að ítreka að allar tölur hér eru metnar og raunveruleikinn stundum annar.

Það er hlutverk okkar hér á stöðinni að að framleiða og láta frá okkur gott og heilbriggt sæði. Við vinnum hörðum höndum við að bæta öll vinnubrögð hér og náum þannig nær því markmiði. Nú höfum við samning við Höskuld Jensson dýralækni og hann kemur inn með ferska vinda og nýja sýn. Ekki er vafi á því að það verður til bóta hér á stöðinni. Á sama hátt er metnaður þeirra er reka sæðingastarfsemina mikill og þeir reyna á hverjum tíma að efla sína frjótækna. Sá metnaður kom m.a. fram í góðu endurmenntunar námskeiði í Danmörku s.l. haust annað árið í röð. Þá hafa orðið töliverðar breytingar á umsjón og ábyrgð sæðinga. Þrjú búnaðarsambönd sjá nú um þessa starfsemi og sama gjaldskrá gildir yfir allt landið.

Eftir því sem fram kemur í huppa.is þá voru það 42 (43) frjótæknar sem skráðu sæðingar á árinu 2023. Þar af voru 6 konur.

Einn sæðingamaður skráði 4 sæðingar og annar 6. Hvoru tveggja eru afleysingamenn. Sá frjótæknir sem var með flestar sæðingar var Andri Már Sigurðsson í Eyjafirði (og að hluta í S-Þing og Suðurlandi) eða 3.785 (4.092) sæðingar. Þar af voru 2.397 (2.599) fyrstu sæðingar og metið fanghlutfall 72%, rétt eins og í fyrra. Það verður að teljast mjög gott. Næstur kemur Guðmundur Jón Skúlason á Suðurlandi með 3.619 (3.723) sæðingar. Þar af eru 2.230 (2.294) fyrstu sæðingar sem komu til mats á árangri sem er 71%, eins og í fyrra, sem er einnig mjög gott.

Af þeim frjótæknum sem skiluðu fleiri en þúsund sæðingum til mats á árangri á árinu 2023 var Rafn Arnbjörnsson í Eyjafirði með „bestan“ árangur. Hjá honum komu 1.215 sæðingar til mats og var metið fanghlutfall 74%. Það er auðvitað frábær árangur. Búið er að nefna Andra Má og Guðmund Jón en ástæða er til að nefna einnig Hermann Árnason með 71% metinn árangur miðað við 1.531 sæðingu.

Sjötta árið í röð ætla ég að nefna þann frjótækni sem hefur bestan metinn árangur. Úrvalið eru allir frjótæknar sem sæddu fleiri en 200 fyrstu sæðingar á síðasta ári. Samkvæmt huppa.is er það Hörður Már Grímsson á Tindum með 232 sæðingar og metið fanghlutfall upp á 75 af hundraði.